



Hörgársveit

Blöndulína 3 - breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 – kynning aðalskipulagstillögu á vinnslustigi

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 11. Júní 2025 að vísa aðalskipulagstillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar vegna Blöndulínu 3 í kynningu skv. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu sem liggur um Hörgársveit á um 41 km löngum kafla og nær breytingin til strengleiðar Blöndulínu 3 innan marka Hörgársveitar ásamt helgunarsvæði hennar. Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari eru gerðar breytingar á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2021-2022 vegna Blöndulínu 3. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02

Skipulagstillagan er aðgengileg á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, milli 27. júní og 17. júlí 2025, á heimasíðu Hörgársveitar, www.horgarsveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 793/2024. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til 17. júlí 2025 til að gera athugasemdir við skipulagstillöguna. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málunum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi